

ALDA SJÓÐIR HF.

Reglur um viðskipti starfsmanna, kaupauka og starfslokasamninga

Samþykkt af stjórn Öldu sjóða hf., 12. ágúst 2013

1. Almenn atriði

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 57. gr. og 57 gr. a. og b. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (ffl.), 6. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.), 10. gr. reglugerðar um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 995/2007, og reglna nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja og fjalla um kaupaukakerfi og eigin víðskipti starfsmanna Öldu sjóða hf. (hér eftir „félagið“).
- 1.2. Markmið reglnanna er:
 - a) að stuðla að jafnræði milli víðskiptavina félagsins,
 - b) draga úr hættu á hagsmunaárekstrum,
 - c) draga úr hættu á hlutdrægni víð meðferð og afgreiðslu mála, og
 - d) efla traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess og draga úr orðsporsáhættu.
- 1.3. Þess skal sérstaklega gætt í víðskiptum sem reglur þessar ná til:
 - a) Að fyllsta trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess sé gætt.
 - b) Að íturstu hagsmuna víðskiptavina sé gætt.
 - c) Að fullur trúnaður ríki gagnvart víðskiptavinum.
 - d) Að víðskipti stangist ekki á víð ákvæði laga og reglna.
 - e) Að víðskiptin séu sérstaklega skráð.
 - f) Að regluvörður félagsins fái kerfisbundið upplýsingar um eigin víðskipti starfsmanna og staðfesti þau í samræmi við ákvæði reglna þessara.
 - g) Að stjórn fái upplýsingar um frávík sem kunna að verða frá ákvæðum reglna þessara.

2. Gildissvið og orðskýringar

- 2.1. Reglur þessar gilda um eigin víðskipti starfsmanna, og aðila þeim tengdum.
- 2.2. Með eigin víðskiptum er átt víð víðskipti með fjármálagerninga, þar sem víðskipti eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns og víðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - a) starfsmanns,
 - b) aðila sem tengdur er starfsmanni fjölskylduböndum, eða nátengdur á annan hátt,
 - c) aðila sem er í slíkum tengslum við aðila skv. a) eða b) lið að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu víðskiptanna, þ. á m. félög sem víðkomandi á 20% hlut í, eða meira.
- 2.3. Með verðbréfavíðskiptum er í reglum þessum átt víð hvers konar víðskipti með fjármálagerninga skv. lögum um verðbréfavíðskipti.
- 2.4. Í reglum þessum teljast eftirtaldi vera starfsmenn félagsins nema annað sé sérstaklega tilgreint:

- a) framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn,
- b) starfsmenn sem taka þátt í að veita þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta.

2.5. Aðili sem tengdur er starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum eru eftirtaldir:

- a) maki, maki í staðfestri samvist eða sambúðarmaki starfsmanns,
- b) barn, kjörbarn eða stjúpbarn sem er á framfæri starfsmanns,
- c) önnur skyldmenni starfsmanns sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin víðskipti fara fram.
- d) Eignarhaldsfélög ofangreindra aðila og félög þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðum um víðskipti sem falla undir reglur þessar. Þegar talað er um starfsmenn í reglum þessum, gildir hið sama fyrir umrædd eignarhaldsfélög/félög nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2.6. Starfsmaður skal tilkynna regluverði ef maki hans starfar hjá öðru fjármálafyrirtæki og fellur undir verklagsreglur þess, en þá gildar þær reglur um víðskipti maka.

3. Víðskipti starfsmanna

3.1. Starfsmönnum ber að sýna fyllstu aðgætni í eigin víðskiptum. Eigin víðskipti starfsmanna mega á engan hátt brjóta í bága við hagsmuni víðskiptamanna og skulu starfsmenn forðast að haga víðskiptum á þann hátt að þau stofni trúverðugleika fyrirtækisins í hættu.

3.2. Starfsmenn, stjórnarmenn og eigendur virks eignarhlutar skulu skulu njóta sömu kjara í víðskiptum við félagið og aðrir víðskiptavinir sem eru sambærilegir hvað varðar fjárhags- og víðskiptastöðu. Óskir starfsmanna um víðskipti skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra víðskiptavina og skulu þeir ekki njóta forgangs á nokkurn hátt.

3.3. Starfsmönnum sem koma að starfsemi sem valdið gæti hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast víðskiptavinum eða víðskiptum við eða fyrir víðskiptavini: er óheimilt:

- a) að annast sjálfir eigin víðskipti,
- b) að stofna til eigin víðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við:
 - i. óheimilt er að stofna til víðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjavíðskipti,
 - ii. víðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga,
 - iii. víðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti,

- c) að gefa nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða ráð eða aðstoða hann við að stofna til viðskipta með fjármálagerninga á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef viðskiptin falla undir b-lið þessa ákvæðis,
 - d) að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem Alda sjóðir hf. kunna að njóta hjá þriðja aðila.
 - e) að taka þátt í fjárfestingarhópum eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.
- 3.4. Viðskipti starfsmanna Öldu sjóða hf. með óskráða fjármálagerninga, sem ekki eru liður í þátttöku í almennu útboði, eru óheimil. Starfsmönnum er þó heimilt að eiga viðskipti með óskráða fjármálagerninga í eftirtöldum tilvikum:
- 3.4.1 verðbréf félaga sem engin virk viðskipti eru með og ekki hafa fjárfestingar að markmiði, s.s. félög um góðgerðarstarfsemi eða félög um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima.
 - 3.4.2 verðbréf sem seld eru í almennu útboði.
 - 3.4.3 Afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru skráðir fjármálagerningar eða gjaldmiðlar.
 - 3.4.4 Eignahaldsfélög sem eru að fullu í eigu starfsmanns.
 - 3.4.5 Eign í félögum sem stjórn Öldu sjóða hf. hefur heimilað starfsmönnum að fara með eignarhlut í.
 - 3.4.6 Hluti eða hlutabréf þegar um aukningu hlutafjár er að ræða og áskrift í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sem starfsmaður átti þegar hann hóf störf.

Um viðskipti með óskráða fjármálagerninga fer ávallt með sama hætti og um skráða fjármálagerninga varðandi viðskiptaferil, heimild, skráningu o.fl.

- 3.5. Starfsmenn skulu eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í 1 mánuð frá kaupdegi. Í almennum útboðum er kaupdagur síðasti dagur áskriftartímabils viðkomandi fjármálagernings.
- 3.6. Þrátt fyrir ákvæði 3.5. er starfsmönnum heimilt að selja fjármálagerninga innan mánaðar frá kaupum í eftirtöldum tilvikum en önnur ákvæði reglnanna gilda eftir sem áður um þau viðskipti, s.s. reglur um feril viðskipta o.fl.:
- a) Ef markaðsverð fjármálagerninga er jafnt eða lægra en upphaflegt kaupverð
 - b) Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa fengið við sölu fjármuna sinna.
 - c) Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá rekstrarfélaginu eða áður en reglurnar tóku gildi gagnvart þeim
- 3.7. Regluvörður getur veitt einnig veitt undanþágur frá grein 3.5 um lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna eða breytinga á högum starfsmanns eftir að fjármálagerningarnir voru keyptir, s.s. vegna veikinda, slyss eða

andláts í fjölskyldu hans, hjónaskilnaðar eða hann hefur eignast fjármálagerningana óvænt með öðrum hætti en kaupum, svo sem að arfi eða sem gjöf.

- 3.8. Regluverði er heimilt að veita frekari undanþágur frá grein 3.4. um viðskipti með óskráð verðbréf að höfðu samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Regluvörður gerir stjórn félagsins sérstaklega grein fyrir nýtingubeitingu undanþágu þessarar í skýrslugjöf sinni.

4. Ferill viðskipta.

- 4.1. Starfsmenn skulu tilkynna regluverði með tölvupósti um fyrirhuguð verðbréfaviðskipti. Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti nema regluvörður veiti samþykki sitt fyrir viðskiptunum. Til að tryggja að ekki sé hætt á hagsmunaárekstrum er regluverði heimilt að leita álits næsta yfirmanns starfsmanns áður en heimild er veitt til viðskipta.
- 4.2. Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta, þá eru þau alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.
- 4.3. Fari viðskipti ekki fram þann dag sem regluvörður hefur veitt samþykki sitt, fellur samþykki hans niður.
- 4.4. Öll gögn um afgreiðslu og uppgjör viðskiptanna skulu send regluverði um leið og þau eru tilbúin og skal regluvörður útbúa sérstaka skrá um þau.
- 4.5. Ákvæði 4.1. gr. skal ekki gilda um eftirfarandi eigin viðskipti starfsmanna
- a) viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignastýringar og hlutaðeigandi starfsmanns,
 - b) eigin viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.
 - c) Þegar um er að ræða flutning lífeyrissparnaðar milli ávöxtunarleiða enda komi starfsmenn ekki að rekstri eða uppgjóri lífeyrissjóða hjá rekstrarfélaginu.
 - d) Þegar um er að ræða tilboð um yfirtöku eða samruna þegar slík tilboð eru orðin, eða hafa verið lýst, skilyrðislaus.

5. Kaupaukakerfi

Almennt um kaupaukakerfi Öldu sjóða hf.

- 5.1. Að teknu tilliti til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er félaginu heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.

- 5.2. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningskilareglur heimila og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.
- 5.3. Framkvæmdastjóra fyrirtækis ber að tryggja að samningar og greiðslur til allra starfsmanna samræmist kaupaukakerfi fyrirtækisins.
- 5.4. Kaupaukakerfi fyrirtækis skal endurskoðað a.m.k. árlega þannig að tryggt sé að það taki mið af stöðu fyrirtækisins hverju sinni og aðstæðum á fjármáلامarkaði. Við þessa endurskoðun skal einnig tekið mið af reglulegu innra mati fjármálafyrirtækis á áhættu starfseminnar.

Markmið kaupaukakerfis

- 5.5. Kaupaukar skulu miða að því að:
 - a) hvetja ekki til óhóflegrar áhættutöku,
 - b) vinna ekki gegn langtímahagsmunum fyrirtækisins og stöðugleika fjármála-kerfisins,
 - c) samræmast sjónarmiðum um vernd viðskiptavina fyrirtækisins, kröfuhafa og hluthafa eða stofnfjáreigenda, og
 - d) samræmast að öðru leyti eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.

Jafnvægi fastra launa og kaupauka

- 5.6. Hæfilegt jafnvægi skal vera á milli fastra launa og kaupauka. Samtala veitts kaupauka til starfsmanns, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka.
- 5.7. Samsetning kaupauka, t.d. hvort um er að ræða greiðslu í reiðufé, eignarhlut í fyrirtækinu eða blöndu mismunandi þátta, skal ákvörðuð út frá því sjónarmiði að hún stuðli að heilbrigðum og traustum rekstri félagsins til langframa.
- 5.8. Ávallt skal fresta greiðslu hluta af kaupauka, a.m.k. 40% af honum, um að lágmarki þrjú ár. Við mat á því hvort fresta beri greiðslu um lengri tíma en þrjú ár skal höfð hliðsjón af áhættum starfseminnar og eðli þeirra starfa sem viðkomandi starfsmaður hefur með höndum fyrir félagið.

Ráðningarkaupaukar

- 5.9. Félaginu er heimilt að veita starfsmanni staka greiðslu á fyrsta ári, svonefndan ráðningarkaupauka.
- 5.10. Samtala ráðningarkaupauka og annars kaupauka, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, til starfsmanns á fyrsta ári ráðningar má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 60% af árslaunum viðkomandi án kaupauka.
- 5.11. Ef til starfsloka kemur hjá starfsmanni sem síðar er ráðinn að nýju til félagsins eða annars félags innan samstæðu félagsins innan þriggja ára frá fyrri starfslokum er óheimilt að veita honum ráðningarkaupauka.

Mat á áhættu og árangri

- 5.12. Kaupauki skal taka mið af áhrifum áhættu á þann árangur sem félagið hyggst umbuna fyrir.

- 5.13. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að eiga viðskipti, t.d. afleiðuviðskipti, í því skyni að verja sig fyrir áhættu vegna kaupauka.
- 5.14. Kaupauki skal metinn með tilliti til árangurs starfsmanns sjálfs, þeirrar deildar og teymis sem hann tilheyrir, frammistöðu félagsins í heild, áhættutöku sem liggur til grundvallar árangrinum, fylgni starfsmanns við reglur félagsins og lög sem gilda um starfsemi þess.

Heimild til lækkunar, afturköllunar eða endurgreiðslu kaupauka

- 5.15. Félagið veitir ekki kaupauka eða aðeins að litlu leyti og er heimilt að afturkalla kaupauka sem ekki hefur verið greiddur út ef ein af eftirtöldum aðstæðum skapast:
- Þegar tilskilin frammistaða viðkomandi starfsmanns næst ekki.
 - Þegar tilskilin frammistaða viðkomandi viðskiptaeiningar eða deildar innan félagsins næst ekki.
 - Þegar tilskilin frammistaða félagsins næst ekki, t.d. þegar félagið uppfyllir ekki kröfur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn á grundvelli 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
 - Þegar starfsmaður fylgir ekki reglum eða innri ferlum félagsins eða virðir ekki lög eða stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum.
- 5.16. Samningur við starfsmann um kaupauka skal vera þannig útbúinn að hafa megi uppi endurkröfu við starfsmann í vissan tíma jafnvel þótt hann starfi ekki lengur hjá fyrirtækinu. Félaginu skal ávallt heimilt að setja fram endurkröfu á hendur starfsmanni í fimm ár frá því ákvörðun um greiðslu kaupauka var tekin.
- 5.17. Ef félagið frestar greiðslu kaupauka sem þegar hefur verið ákveðinn er því heimilt að hætta við greiðslu kaupaukans á fyrirhuguðum greiðsludegi ef staða félagsins hefur versnað verulega eða útlit er fyrir að staða félagsins muni versna verulega.
- 5.18. Hljóti félagið lán til þrautavara frá Seðlabanka Íslands skulu engir kaupaukar greiddir þar til telja má víst að félagið hafi á ný öðlast trausta fjárhagsstöðu.

Kaupaukar og stjórnarmenn o.fl.

- 5.19. Óheimilt er að greiða stjórnarmönnum félagsins kaupauka eða þeim sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu.
- 5.20. Samningar félagsins um kauprétt eða sambærileg viðskipti við lykilstarfsmenn, framkvæmdastjóra eða aðila í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra, er háður samþykki stjórnar. Ákvörðun um slíkt skal bókuð.

Upplýsingagjöf og gagnsæi

- 5.21. Starfsmenn félagsins skulu upplýstir um reglur þessar um kaupauka.
- 5.22. Starfsmönnum sem veittir eru kaupaukar skulu upplýstir um þau atriði sem hafa áhrif á greiðslur til þeirra.

6. Starfslokasamningar

- 6.1. Óheimilt er að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma

hans. Með starfslokasamningi er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanns annars vegar og fjármálafyrirtækis hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

- 6.2. Starfslokasamningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

7. Yfirlýsing starfsmanns og upplýsingaskylda

- 7.1. Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum reglur þessar og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal A. Starfsmenn skulu enn fremur veita skriflegt samþykki sitt fyrir því að regluvörður geti aflað upplýsinga um öll viðskipti starfsmanns með fjármálagerninga hjá öðrum fjármálafyrirtækjum.
- 7.2. Starfsmenn skulu greina regluverði frá allri verðbréfaeign þegar þeir hefja störf hjá félaginu og hvenær sem er á starfstíma sínum fyrir félagið, sé eftir því óskað af hálfu regluvarðar félagsins.
- 7.3. Starfsmenn sem eru í eignastýringu, skulu tilkynna það regluverði, og veita afrit af yfirliti yfir eignastýringu sem starfsmaður fær á sex mánaða fresti.
- 7.4. Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði ef hjá þeim vaknar grunur um að reglur þessar hafi verið brotnar.

8. Regluvörður og eftirlit með framkvæmd reglnanna

- 8.1. Regluvörður hefur eftirfarandi hlutverk:
 - a) Að hafa eftirlit með því að ákvæðum þessara reglna sé fylgt.
 - b) Að halda skrá um eigin viðskipti starfsmanna, þ.m.t. allar heimildir eða synjanir í tengslum við slík viðskipti.
 - c) Að sjá til þess að starfsmenn staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér reglurnar.
 - d) Að annast kynningu á reglunum innan félagsins, bæði meðal starfsmanna og stjórnar.
 - e) Að hafa forgöngu um túlkun reglnanna og taka ákvarðanir í anda efnis þeirra.
- 8.2. Regluvörður hefur heimild til að banna viðskipti án rökstuðnings eða tímamarka. Þá kann heimild regluvarðar að vera bundin skilyrðum, s.s. lágmarks eignarhaldstíma. Synjun regluvarðar getur talist til verðmótandi upplýsinga. Óheimilt er að miðla upplýsingum um synjun regluvarðar eða skilyrði heimildar til annarra starfsmanna eða aðila utan félagsins.
- 8.3. Regluvörður hefur heimild til að óska eftir því að viðskipti starfsmanns verði bakfærð, telji hann að þau hafi ekki átt sér stað með eðlilegum hætti. Í slíkum tilvikum skal bakfærsla viðskipta eiga sér stað ef þess er kostur. Í slíkum tilvikum ber

sá starfsmaður sem í hlut á þann kostnað/tap sem af kann að hljótask. Hagnaður af slíkum viðskiptum kann að vera gerður upptækur.

- 8.4. Regluvörður skal ársfjórðungslega gera yfirlit um viðskipti starfsmanna samkvæmt reglum þessum og skal það m.a. innihalda upplýsingar um kaup og sölu verðbréfa, kaupverð og söluverð, tímamörk viðskipta, hver annaðist viðskiptin og hver sé gagnaðili í viðskiptunum. Framkvæmdastjóri skal fara yfir yfirlitið og staðfesta það sérstaklega.

9. Viðurlög o.fl.

- 9.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu, brottvikningu úr starfi og/eða refsingu samkvæmt lögum. Viðskipti sem brjóta gegn reglum þessum skulu ganga til baka eftir því sem kostur er. Ef slíkt er ekki mögulegt skal leitast við að gera hagnað upptækan þannig að hann renni til félagsins.
- 9.2. Regluvörður skal tilkynna um brot á reglunum til stjórnar félagsins. Stjórn, eða framkvæmdastjóri í umboði stjórnar, skal senda upplýsingar um tilkynnt brot til Fjármálaeftirlitsins.
- 9.3. Reglur þessar öðlast gildi við undirritun stjórnar félagsins.
- 9.4. Reglur þessar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum félagsins.
- 9.5. Reglur þessar voru settar 21. maí 2012 og endurskoðaðar þann 18. mars 2013, 3. júní 2013 og 12. ágúst 2013.

Reykjavík, 12. ágúst 2013.

Stjórn Öldu sjóða hf.